



Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða

Aðalfundur Upplýsingar

25. maí 2023

Fundarstaður: Háskólinn í Reykjavík, Menntavegi 1, 101 Reykjavík.

Fundarstjóri: Andrea Ævarsdóttir.

Fundarritari: Stefanía Gunnarsdóttir.

Mættir voru 42 félagar.

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar þann 15. maí 2023 en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

Dagskrá:

Þórný Hlynsdóttir formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 12:30 og tilnefndi Andreu Ævarsdóttur sem fundarstjóra og Stefanía Gunnarsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

a) Skýrsla stjórnar

Þórný Hlynsdóttir, formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023. Haldnir voru þrettán stjórnarfundir í gegnum fjárfundi á starfsárinu og þar af tveir fundir þar sem stjórnin hittist. Félagar í Upplýsingu eru 394 og þar af eru 33 stofnanir. Skráningar nýrra félaga voru 16.

Þetta hefur verið annasamt ár að mörgu leyti, haldið var Málþing um Bókasafn framtíðarinnar í nóvember en auk þess var boðið upp á sex fræðslufundi í viðburðaröð sem kölluð er Morgunkorn og lesa má nánar um í ársskýrslunni, sjá kafla 8 um fræðslumál.

Árið hefur sannarlega einkennst af breytingum, bókasöfnin tóku í notkun nýtt bókasafnskerfi og það vakti titring margra þegar fréttir bárust af því að breytingar yrðu gerðar til þess að fleiri fengju heimildir til að skrá bókfræðigögn í nýtt kerfi. Upplýsing brást við með því að bjóða upp á pallborðsumræður um stöðu faglærðra félagsmanna í janúar 2023, þar sem lykilmanneskjur í stéttinni sátu fyrir svörum og félagar fengu tækifæri til að skiptast á skoðunum og eiga samtál um breytingarnar.

Það er sannarlega gleðiefni að segja frá því að endurvekja á tímaritið Bókasafnið. Þar er markmiðið að tímaritið verði vefrit og vettvangur til að miðla skýrslum um þau verkefni sem fá úthlutað úr Bókasafnasjóði auk þess sem félögum gefst tækifæri til að birta efni á ný. Vonandi tekst okkur í sameiningu að glæða tímaritið lífi á ný, áhugasömum er bent á að hafa samband við Hallfríði H. Kristjánsdóttur á Landsbókasafni.

Stjórn Upplýsingar tók sér vinnudag þann 3. apríl sl. og fór yfir ýmis málefni sem komið hafa til tals á tímabilinu, fór yfir vinnulag og verkaskiptingu fyrir viðburði félagsins og ræddi meðal annars þá ósk sem fram kom á síðasta aðalfundi um að efla styrki til félagsmanna og ákvað stjórn þá að sameina tvo sjóði (Ferðasjóð og Styrktarsjóð ófaglærðra) til þess að efla Ferðasjóð. En Ferðasjóður hefur hingað til verið sá hagnaður sem verður af Landfundi og hefur verið nýttur en styrktarsjóðurinn legið hreyfingarlaus. Verði þessi ákvörðun staðfest af aðalfundi mun það leiða til þess að hægt sé að greiða öllum þeim fjölmörgu sem sóttu um styrk í Ferðasjóð þetta árið, en 23 sóttu um styrk. Reglur ferðasjóðs segja að aðeins sé veittur styrkur til átta aðila á ári. Með sameiningu sjóðanna og stöðu Ferðasjóðs er hægt með samþykki aðalfundar að greiða öllum.

Formaður þakkar kærlega öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg fyrir starf Upplýsingar. Að sama skapi vill Upplýsing þakka félagsmönnum kærlega fyrir stuðning við starfsemina, sérstaklega þeim sem héldu erindi á Morgunkornum. Bókasafnsdagsnefnd fyrir skemmtilegan Bókasafnadag þann 8. september sem og öllum þeim sem samþykkt hafa að starfa í nefndum og ráðum sem tengjast félaginu. Landsfundur verður þann 21. september nk. í Hafnarfirði og Garðabæ. Tveir ganga úr stjórn núna. Formaður mun ekki gefa kost á sér sem formaður að ári.

Skýrslu stjórnar er hægt að lesa í heild í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar (upplysing.is).

Að lokum þakkaði formaður stjórninni, vefstjóra og öðrum þeim sem unnið hafa fyrir Upplýsingu fyrir þeirra framlag og mælir með að allir prófi að taka þátt í starfi Upplýsingar. Björg Bjarnadóttir meðstjórnandi og Guðrún Lilja Kvaran varaformaður ganga úr stjórn. Þeim er þökkud samvinnan og vinnu þeirra í þágu félagsins.

Skýrsla stjórnar: Samþykkt.

b) Skýrslur hópa og nefnda

Formaður fór yfir skýrslur fastanefnda og hægt er að lesa meira um það í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar (upplysing.is).

c) Reikningar félagsins

Sigurgeir Finnson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Reikningar eru yfirfarnir af bókara og samþykktir af skoðunarmönnum félagsins.

Fram kom að samkvæmt ársreikningum er tap á rekstri félagsins að upphæð 516.504.

Reikningar félagsins: Samþykktir.

d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.

Engar breytingar.

e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs var lögð fram til kynningar af Þórný Hlynsdóttur gjaldkera Upplýsingar. Árgjöld, styrkir ofl. munu verða allt

að 9,8 milljónir króna. Einnig verða styrkir og gjöld notaðir til að fjármagna Landsfund 2023, málþing, Bókasafnadaginn og fleira 2023.

Fjárhagsáætlun: Samþykkt.

f) Árgjald.

Stjórn Upplýsingar mælir með óbreyttu árgjaldi. Almennir félagar greiða 7.000 kr., stofnanir 14.000 kr. og nemendur í upplýsingafræði 3.500 kr. Samþykkt einróma.

g) Lagabreytingar.

Alefli yrði undir 4. gr félagsins.

h) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.

Í núverandi stjórn sitja Þórný Hlynsdóttir (formaður), Andrea Ævarsdóttir (varaformaður), Sigurgeir Finnson (gjaldkeri), Stefanía Gunnarsdóttir (ritari) og Svanhvít Sif Sigurðardóttir (meðstjórnandi). Sif Sighvatsdóttir og Andrea Ævarsdóttir koma nýjar í stjórn. Varamenn í stjórn: Björg Bjarnadóttir (til eins árs) og Berglind Hanna Jónsdóttir (til tveggja ára).

j) Kosning í fastanefndir.

k) Önnur mál.

Lagt er til að Alefli verði lagt niður og verður fastanefnd Upplýsingar. Samþykkt einróma. Stjórn Alefli heldur áfram og verður í nefndinni næsta ár. Varðandi Notendahóp Gegnis. Stjórn Upplýsingar falið að gera þá breytingu og stofna þennan hóp. Í dag eru um 30.000 kr. í sjóði Aleflis sem sameinast Upplýsingu. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Samþykkt að fækka reikningum félagsins og sameina þá.

Setja þarf greinargerðir/skýrslur inn á vefsíðu Upplýsingar.

Fundarstjóri las upp þá sem fá greitt úr ferðasjóði á þessu misseri.

Fundi slitið 13:08 og félagsmönnum boðið að þiggja veitingar.